

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 14/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslugerðar og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfraðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerninga sem Evrópubandalagið hefur samþykkt frá því að síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 267.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 374/98⁽²⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97⁽³⁾ og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97⁽⁴⁾ á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner

⁽²⁾ Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 321, 22.11.1997, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999

XXI. VIÐAUKA við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUGERÐ) skal breytt sem hér segir:

A. SKÝRSLUR UM UTANRÍKISVERSLUN

1. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95):

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 0374**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 374/98 frá 12. febrúar 1998 (Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6).“

2. Eftirfarandi komi í stað 9. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97):

- „9. **397 R 2317**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97 frá 21. nóvember 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB L 321, 22.11.1997, bls. 19).“

B. HAGTÖLUR

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 19e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB):

- „19f. **397 R 2454**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri vísitölu neysliverðs (Stjtið. EB L 340 11.12.1997, bls. 24).“